

Ár 2019, miðvikudaginn 6. nóvember, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Gunnari Guðmundsyni dómara að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið: Mál nr. 9/2019.

Kraftlyftingafélag Harðar  
gegn  
Kraftlyftingasambandi Íslands

Málið var mótttekið með kærú þann 14. september s.l. og var kærða gefinn frestur til 24. september til skila greinargerð sem hann og gerði.

Skjöl í málinu nr. 1-10 liggja fyrir.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR

### I.

Kæra sem kærandi leggur fram er svohljóðandi:

**“Kærandi:**

Nafn: Kraftlyftingafélag Harðar  
Kennitala: 450291-1459  
Heimilisfang: 450 Patreksfjörður(ekkert heimilisfang)

**Fyrirsvarsmáður kæranda:**

Nafn: Þorbergur Guðmundsson  
Kennitala: 061293-4349  
Heimilisfang: Skarðshlíð 22B 603 Akureyri  
Símanúmer: 8253430  
Netfang: tobbi256@gmail.com

**Kærði:**

Nafn: Kraft – Kraftlyftingasamband Íslands  
Kennitala: 700410-2180  
Heimilisfang: Engjavegur 6 104 Reykjavík

**Dómkröfur**

Að Gry Ek formanni Kraft verði veitt áminning fyrir gefa upp vitlausan skráningarfrest fyrir Íslandsmeistaramótið í Klassískum Kraftlyftingum og Íslandsmeistaramótið í Búnaðarbekki og að

stjórn Kraft í heild sinni verði veitt áminning fyrir að neita að fara að reglum sambandsins. Einnig að mótin verði dæmd ógild sökum þess að ekki var fylgt reglugerð um auglýstan skráningarfrest og að aðili var skráður eftir að hinn rétti skráningarfrestur var liðinn.

### Málavextir

Í aðdraganda að Íslandsmeistaramótinu í Klassískum Kraftlyftingum og Íslandsmeistaramótinu í Búnaðarbekki var gefinn upp vitlaus skráningarfrestur eða 31 ágúst síðan í kringum 22 ágúst var hann leiðréttur í 24 og 25 ágúst fyrir sitthvort mótið án þess að láta nokkurn vita. Í kjölfarið var kvartað yfir þessu og heimtað að keppandi yrði skráður á Íslandsmeistaramótið í búnaðarbekkiþessu eftir að skráningarfrestur var liðinn og keppendalisti orðinn opinber. Þetta gaf stjórnin eftir sem gefur viðkomandi aðila forskot á hina vitandi hvernig flokkar raðast. Fór ég fram á það við stjórn að mótinu yrði seinkað svo að hægt væri að uppfylla allar reglugerðir.

Stjórn viðurkennir að brotið hafi verði viðkomandi reglugerðir við auglýsingu á mótinu og framkvæmd í kringum skráningu en neitar að aðhafast.

### Lagarök

Úr Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um kraftlyftingakeppni 14. gr. Auglýsing móta Önnur mót en félagsmót skal auglýsa á heimasíðu mótshaldara og á kraft.is með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Í auglýsingu um mót skal koma fram:

- a) hvers konar mót er um að ræða
- b) dagsetning og staðsetning
- c) mótshaldari og ábyrgðarmaður
- d) upphæð þátttökugjalds og bankaupplýsingar
- e) skráningarfrestur og hver tekur við skráningu f) önnur sérstök ákvæði

Úr Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um kraftlyftingakeppni 19. gr. Skráningarfrestur Skráningarfrestur á mótum á mótaskrá er tvískiptur. Fyrri skráningarfrestur er 21 dagur og má ekki bæta við keppendum eftir þann tíma. Frá skráningu á mót hafa félög viku til að ganga frá greiðslu keppnisgjalda og breytingum á skráningu í þyngdarflokka. Lokað er fyrir breytingar 14 dögum fyrir mót.

### Úr Lögum Kraft

32. gr. Vanhæfi Einstaklingi í trúnaðar- og ábyrgðastöðum innan sambandsins ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

### Röksemdir

Bæði þessi brot geta haft áhrif á keppni einstaklinga og svo liðakeppni félaga. Það kemur skirt fram að auglýsa skal með a.m.k mánaðarfyrirvara helstu upplýsingar sem eru taldar upp hér að ofan í reglugerðum Kraft. Svo það að leyft var að skrá keppanda eftir að fresturinn var liðinn er gróft brot á keppnisreglum þar sem að viðkomandi aðili og félag fá þá upplýsingar sem aðrir höfðu ekki þegar var verið að skrá, til dæmis hvort að margir eða fáir eru í ákveðnum flokkum eða hvort sé hægt að vinna ákveðna flokka með því hreinlega að taka gilda lyftu. Sem sýnir mjög keppnis grundvöll félaga, sérstaklega þar sem að Íslandsmeistaramótið í klassískum kraftlyftingum hefur áhrif á félagakeppnina sem er yfir allt árið.

Ofan á allt þetta þá segist Kraft ekki ætla að gera neitt í þessu og úrskurðar svo, en tekur það fram að Gry Ek (formaður) og Aron Friðrik Georgsson hafi stígið til hliðar vegna 32.gr laga Kraft um vanhæfni þar sem að þau hafi verið brota aðilar en miðað við þá gr. er öll stjórn Kraft

vanhæf þar sem að þetta klúður. Þar sem óneitalega er hægt að bera rök fyrir því að það hafi áhrif á ákvörðun stjórnar að Gry formaður Kraft og samstarfsaðili og Aron Friðrik Georgsson mótshaldari og stjórnarmaður í stjórn Kraft séu málsaðilar. Þar af leiðandi er hægt að álykta svo að stjórnin sé vanhæf í þessu máli og að ÍSÍ hefði átt að sjá um þetta mál frá upphafi

## II.

Greinargerð kærða er svohljóðandi:

### „DÓMKRÖFUR

Kærði krefst

a) frávísunar kæru vegna formgalla

til vara

b) sýknu af öllum kröfum kærands.

**a) Kærði krefst þess að kæran verði vísuð frá vegna formgalla**

#### Málavextir

Kærandi er sagður Kraftlyftingafélag Harðar – kt 450291-1459

Kraftlyftingafélag Harðar er ekki til en kennitalan tilheyrir Íþróttafélaginu Herði á Patreksfirði.

Í símtali 22.september sl staðfesti formaður félagsins, Esther Gunnarsdóttir, við kærða að kæran hafi verið lögð fram án vitundar og samþykkis stjórnar Harðar.

#### Afstaða kærða

Af fyrrnefndum sökum telur kærði að Þorberg Guðmundsson skorti umboðs til að leggja fram kæru og krefst þess að kæran verði vísuð frá vegna formgalla.

til vara

**b) Kærði krefst sýknu af öllum kröfum kæranda.**

#### Málavextir

Umrædd kraftlyftingamót voru auglýst reglum samkvæmt 14.ágúst með frétt á kraft.is og skráningareyðublaði.

Á skráningareyðublaði var gefinn upp réttur skráningarfrestur í auglýsingu á kraft.is misritaðist dagsetningu og var frestur sagður viku of langur. Gefinn var upp skráningarfrestur til 31.ágúst sem átti að vera 24.ágúst.

Um hreina misritun var að ræða, farið var línuvillt í dagatali.

Þetta uppgötvaðist ekki fyrr en 22. ágúst og var auglýsingin þá leiðrétt.

Fyrir þann tíma tók kærandi eftir villunni og tók af henni skjáskot sem hann varðveitti og fylgir kærinni. Athygli vekur að hann hafi látið hjá líða að hafa samband og benda á mistökunum og biðja um leiðréttingu.

Eftir að hinn rétti skráningarfrestur var liðinn sendir kærandi inn skráningu með tölvupósti. Hann skráir föður sinn til leiks á vegum Harðar og fer fram á að skráningin verði tekin til greina þar sem dagsetning hafði verið röng í auglýsingu.

Við því var orðið, enda hafði sannarlega orðið mistök í auglýsingu.

Eftir að undanþágan hafði verið samþykkt og keppandi skráður skrifar kærandi nýtt bréf og mótmælir skráningu, segir undanþágan vera brot á reglum, krefst þess að mótinu verði frestað og þeir sem gerðu mistök verði veitt áminningu og sektuð.

Mótanefnd og stjórn KRAFT fjölluðu um málið í símtölum og tölvupóstum og stjórnaði varaformaður sambandsins, Þórunn Lilja Vilbergsdóttir þeirri umræðu.

Eftirfarandi svar var samþykkt og sent í tölvupósti til kæranda 8.september. Bréfið sendir Lára Finnbogadóttir, starfsmaður sambandsins.

*Sæll Þorbergur,*

*Mistök voru gerð í auglýsingu vegna móts ÍM í klassískum kraftlyftingum þar sem skráningarfrestur var viku lengri en átti að vera skv. reglugerð um kraftlyftingar. Á skráningarblaði kom hins vegar fram réttur skráningarfrestur. Auglýsingin var leiðrétt áður en réttur skráningarfrestur var runninn út.*

*Einnig var kennitala á skráningarblaði ekki rétt. Það var einnig leiðrétt og greiðslufrestur var aukinn um tvo daga til að koma til móts við þá sem ekki höfðu greitt innan frests skv. 19. gr. reglugerðar kraftlyftingakeppni vegna þessara mistaka.*

*Ákveðið var til að koma til móts við keppendur, þrátt fyrir að reglugerð hafi hærri réttarstöðu en auglýsing, að heimila skráningu skv. auglýsingu. Ekki þótti vera nægilegur misbrestur til þess að fella mótið niður vegna þessa eins og heimild er til skv. 16. gr. reglugerðar um kraftlyftingakeppni.*

*Kvartandi vísar til úrskurðar 1/2017 en þar sem reglugerð og lögum KRAFT hefur verið breytt síðan sá úrskurður var gerður er ekki hægt að að beita því fordæmi hvað varðar viðurlög.*

*Við töku þessarar ákvörðunar stígu til hlíðar formaður kraft, Gry Ek sem og Aron Friðrik Georgsson sem mótsbaldari, vegna vanhæfisákvæðis í 32. gr. laga Kraft.*

*Fyrir hönd Kraft.*

Mótin fóru síðan fram á tilsettum dögum.

### **Afstaða kærða**

Atriðin sem kært er fyrir eru annars vegar mistök gerð óvart og hins vegar undanþága veitt með hag kæranda að leiðarljósi.

Stjórn KRAFT telur miður að dagsetning hafi misritast í auglýsingu, en það voru handvömm sem ekki gefa tilefni til áminningar.

Þau voru leiðrétt um leið og þau uppgötvuðust og aðrar skráningar bárust innan tilskilins frests. Hvorki mótanefnd né stjórn fær séð að þetta hafi haft þau áhrif á skráningum eða aðstæðum keppenda að ástæða hafi verið til að fresta eða ógilda mótin með litlum fyrirvara vegna misritunar í auglýsingu.

Þess má geta að hinn skráði keppandi frá Herði var einn í sínum flokki en mætti ekki til leiks þegar á hólminn var komið.

Það er ekki hjá því komist að benda á að kærandi hafi vitað af misritun í auglýsingu fyrstur manna án þess að tilkynna um hana og fór sjálfur fram á undanþágu.

### **III.**

#### **Niðurstaða:**

Eins og málið er lagt fyrir dómstólinn er kærandi Kraftlyftingafélag Harðar, kt 450291-1459. Fyrir liggur að kennitalan tilheyrir Íþróttafélaginu Herði á Patreksfirði, en ekki kæranda.

Einnig er upplýst að kærði kvaðst hafa þann 22.9. s.l. haft símasamband við formann Íþróttafélags Harðar, sem staðfesti við hann að kærán hafi verið lögð fram án vitundar og samþykkis stjórnar Harðar.

Í málinu liggur nú fyrir skrifleg staðfesting, dags. 25.10 s.l. frá formanni Íþróttafélags Harðar um að kærandi hafi ekki í þessu máli leitað umboðs til þess að fara þessa kæruleið gegn Kraftlyftingasambandi Íslands í nafni Íþróttafélagsins Harðar.

Af þessum sökum ber að taka dómkröfu kærða til greina og vísa þessu máli frá dómi.

**Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Gunnar Guðmundsson dómari  
(sign)

Frestur til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn eru þrjú dagar frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls og teljast almennir frídagar ekki með. Bent er á grein 24.3. í lögum ÍSÍ.